

Vanþakkað rannsókna- verk.

Leitt þótti mér að sjá grein þá í Vísi 7. þ. m., sem G. B. stendur undir. Ær þar um megnan misskilning að ræða. Því að það er vissulega ekki ástæða til annars en að fagna því, að einn af mikilhæfustu jarðfræðingum sem nú er uppi skuli fara að taka þátt í að rannsaka Ísland, og síst furða, þó að maður sem mjög hefir kannað Grænland, vilji einnig kynnast Íslandi af eigin sjón. Og um hinn ágæta Svíu, próf. Backlund, sem dr. Lauge Koch hefir fengið til með sér, þarf i rauninni ekki að vita meira en það, að hann er eftirmaður Högboms í

Sennilega

1935

Uppsöldum, því að það má telja vist, að til að taka við af slikum manni, hafi verið valinn maður mjög. Um hina mennina sem eru með dr. Koch, er mér minna kunnugt, en efast þó ekki um, að einnig þar er um valda menn að ræða. Þá má minna á, hvílikur skóli það hlýtur að reynast jarðfræðinemendum, að vera með mönnum eins og þessir eru. Og allir sem nokkurn skilning hafa á þýðingu jarðfræðinnar, mega vera dr. Lauge Koch þakklátir fyrir það þrekvirki sem hann hefir unnið með því að breyta eins og raun sýnir, hugsunarhættinum gagnvart - því, hversu leggja skuli fram fé til slíkra rannsókna.

9. sept.

U. 11. 9.

Helgi Pjeturss.